



**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**

## **Íþróttabærinn Hafnarfjörður**

**-Leiðir sem íþróttafélögin og ferðaþjónustan  
geta unnið saman að og aukið hag bæjarins**

**Skýrsluhöfundur:  
Guðjón Örn Helgason**

**26. 07. 2010**

## Efnisyfirlit

1.1 Hótel og gisting í Hafnarfirði .....	5
Húsnæði Hafnarfjarðarbæjar .....	6
1.2 Akstur í Hafnarfirði .....	7
1.3 Matur .....	8
1.4 Afþreying.....	9
1.5 Íþróttaaðstaða í Hafnarfjarðarbæ .....	10
2.1 Íþróttafélögin í Hafnarfirði .....	12
2.2 Staðan í mótamálum hjá íþróttahreyfingunni.....	14
Handbolti .....	14
Frjálsar Íþróttir .....	16
Sund .....	17
Fótbolti.....	19
Körfubolti .....	20
Golf .....	21
Fimleikar .....	22
Akstursíþróttir .....	23
Íþróttir fatlaðra.....	24
Badminton.....	25
Siglingar.....	26
Dansíþróttir .....	27
Karate.....	28
Hnefaleikar .....	28
Skylmingar.....	29

Taekwondo.....	30
Hestaíþróttir.....	30
Skotíþróttir.....	31
Klifur.....	32
Borðtennis.....	32
Tennis.....	32
Almenningsíþróttir.....	33
Lyftingar.....	33
Skíði.....	34
2.3 Tímabil íþróttagreina sem stundaðar eru í Hafnarfirði.....	34
3.1 Helstu verkefni og næstu skref.....	35
Hafnarfjarðarleikar.....	39
Lokaorð.....	41
Fólk á vegum íþróttahreyfingarinnar sem rætt var við í sambandi við gerð skýrslunnar.....	42

Það er alveg á hreinu að Hafnarfjörður er mikill íþróttabær og íþróttameningin sem ríkir í bænum er aðdáunarverð. Þegar litið er til afreksfólks sem þessi bær hefur alið bæði í einstaklings og hópíþróttum er óhætt að segja að Hafnarfjörður er einn mesti íþróttabær í heimi miðað við höfðatölu.

Það sem hefur þó vantað er að Hafnarfjörður nýti sér þessa íþróttahæfð til þess að halda hér fleiri mót og íþróttaviðburði.

Þegar haldin eru stór íþróttamót hefur það bein og óbein áhrif á bæjarfélagið þar sem mótið er haldið. Afleiðingar slíks mótahalds sjást skýrt hjá ferðapjónustunni en fleiri gestir þurfa fleiri gistirými. Þessir gestir nýta sér einnig afþreyingu sem bærinn hefur upp á að bjóða og versla í verslunum bæjarins og svo framvegis. Einnig er slíkt mótahald mikil og góð afþreying fyrir bæjarbúa og virkir mannlífið í bænum ásamt því að styrkja ímynd bæjarfélagsins.

Verkefni sem íþróttafélögin í Hafnarfirði geta staðið að hafa því ekki endilega aðeins jákvæðar afleiðingar fyrir þau sjálf heldur einnig fyrir ferðapjónustuna og íbúa Hafnarfjarðarbæjar. Þessi verkefni geta verið af ýmsum toga svo sem íþróttamót, æfingabúðir, ferðamannapakkar eða hvaðeina sem getur laðað fólk í bæinn.

Það er alveg ljóst að þegar fólk kemur í hópum í bæinn þá eykst eftirspurn eftir gistirými, hópferðabílum, mat og afþreyingu sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða glæsilega aðstöðu til íþróttamóta og verður hún enn betri á næstu árum. Málið snýst einfaldlega um að nýta þessu aðstöðu og er þá lykilatriði að nota hugmyndir sem koma frá íþróttahreyfingunni sem yrðu þá bænum til góðs.

Við gerð þessarar skýrslu var rætt bæði við ferðapjónustuaðila í bænum sem og forráðamenn allra íþróttadeilda í Hafnarfirði og farið yfir stöðuna í mótamálum og rýnt í hugmyndir sem komnar eru upp.

Fjöldinn allur af frábærum hugmyndum hafa komið upp við gerð skýrslunnar sem er mjög hagstætt að vinna í áfram. Það vill þó oft verða svo að mikið er að gera hjá forráðamönnum félaganna og erfitt getur verið að skipuleggja verkefnin. Það er því mikilvægt að bærinn, sem sér klárlega hag sinn í að þessi verkefni verði að veruleika, styðji við íþróttafélögin.

Slíkur stuðningur getur verið í formi aðstoðar við skipulagningu móta eða annarra verkefna. Þannig gæti starfsmaður á vegum bæjarins séð um að skipuleggja umgjörð en íþróttafélögin séð um mótið sjálft. Með umgjörð er einkum átt við fimm atriði sem þurfa að vera í lagi til þess að mót eða önnur verkefni verði farsæl.

Þessi atriði eru gisting þátttakenda og annarra gesta, akstur þátttakenda, matur fyrir þá, afþreying fyrir gestina og nýting keppnisaðstöðu.

Markmið þessarar skýrslu er að fjalla um verkefni sem íþróttafélögin og ferðapjónustan geta unnið saman og eru bænum til góðs. Sýnt verður fram á hvernig íþróttafélög geta nýtt sér það sem fyrir er í bænum til þess að halda farsæl mót, æfingabúðir eða annars konar viðburði. Ennfremur er markmið skýrslunnar að finna verkefni sem hagkvæmt er að hrinda í framkvæmd og koma með tillögur að næstu skrefum í þeim efnum.

Skýrslan skiptist í þrjú kafla. Í fyrsta kaflanum er farið yfir fimm atriðin sem skipta lykilmáli í tengslum við umgjörð móta og slíkra verkefna.

Fyrsti hlutinn snýr að gistingu í Hafnarfjarðarbæ og er þá farið yfir hótél og gistiþláss í bænum. Rætt var við forsvarsmenn gistiþjónustunnar í Hafnarfirði um hvernig og hvenær hentugast væri að fá íþróttahópa í bæinn. Í hlutanum er einnig farið yfir mögulega nýtingu á húsnæði Hafnarfjarðarbæjar sem gistirými fyrir íþróttahópa.

Næsti hluti snýr að akstursfyrirtækjum í bænum. Rætt var við aðila sem sjá um hópferðabíla og þeirra innsýn fengin varðandi flutninga íþróttahópa.

Möguleikar í tengslum við mat eru svo í hluta númer þrjú. Þar er bent á staði sem hægt er að elda mat fyrir hópa og matsölustaði sem hægt væri að fara í samstarf við.

Fjórði hlutinn í sambandi við góða umgjörð móta er afþreyingarþátturinn. Í þessum hluta eru taldir upp þættir sem gera heimsókn fólks í bæinn skemmtilegri. Rætt var við helstu afþreyingarfyrirtæki bæjarins og vilji þeirra kannaður að koma að verkefnum tengdum íþróttahópum.

Í fimmta hluta kaflans er íþróttaaðstaðan í Hafnarfirði skoðuð. Þar má sjá listaðan fjölda íþróttamannvirkja sem bærinn hefur upp á að bjóða og hvers kyns aðstöðu um er að ræða.

Í öðrum kafla skýrslunnar er farið yfir mótamál hjá íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði.

Í upphafi kaflans eru talin upp íþróttafélögin í Hafnarfirði og deildir innan þeirra. Þar er einnig farið yfir iðkendafjölda í hverri grein. Í öðrum hluta er farið yfir stöðuna í mótamálum og slíkum verkefnum hjá hverri íþróttagrein fyrir sig. Þar er greint frá verkefnum sem áður voru í gangi hjá félögunum og einnig verkefnum sem enn eru í gangi. Ennfremur eru hugmyndir forráðamanna íþróttahreyfingarinnar um framtíðarverkefni reifuð. Í lok kaflans má sjá á myndrænan hátt á hvaða tímabili mögulegt er að halda íþróttaviðburði í hverri íþróttagrein.

Í þriðja og síðasta kaflanum eru tekin sérstaklega fyrir þau verkefni sem hagstæðust eru fyrir bæjarfélagið og líklegust til að verða að veruleika. Í þeim hluta koma jafnframt fram næstu skref í hverju verkefni fyrir sig.

Í lok skýrslunnar má sjá lista yfir fólk á vegum íþróttahreyfingarinnar sem rætt var við og gaf upplýsingar sem birtust í skýrslunni.

## 1.1 Hótel og gisting í Hafnarfirði

Hér má sjá yfirlit yfir hótél og önnur gistirými í Hafnarfirði. Farið er yfir hversu mikið pláss hver gistaðstaða hefur að bjóða og hvenær væri hentugasti tíminn að fá íþróttahópa.

**Hótel Hafnarfjörður** Haukur 540-9700/690-4220

Pláss: 71 herbergi (150manns í góðum rúmum, eru einnig með sex manna herbergi). Hægt að fá ódýrara ef sængurfötum er sleppt. Boðið er upp á morgunmat (og hádegismat fyrir hópa).

Tímabil: Sumrin eru nær ómöguleg, en maí og byrjun júní er mögulegt sem og lok ágúst og september. Það er rólegast að gera frá september til apríl. Páskar eru í fínu lagi.

Annað: Er mjög jákvæður að fá íþróttafélög til sín og hefur þrýst á bæinn að halda stór mót og getur gefið íþróttahópum lægri verð. Oft á tíðum hafa íþróttahópar gist á hótelinu enda hentar hótelið vel til þess. Er til í að vinna í samstarfi við ÍBH að stórum verkefnum.

**Hótel Viking** Jóhannes 565-1213/893-6435

Pláss: 42 herbergi

Tímabil: Mest að gera á sumrin en helgarnar geta verið rólegar um það leyti. Það er mest að gera á þriðjudögum og miðvikudögum á sumrin. Haustin eru samt best.

Annað: Jóhannes hefur mikinn áhuga á því að koma að einhverjum mótum og er alltaf jákvæður fyrir einhvers konar samstarfi.

**Sæluhúsin ehf** Gunnar 453-6200/862-9787

Pláss: 2 íbúðir (30 fm).

Tímabil: eru að fara af stað með þetta, reikna með rólegu að gera yfir vetrartímann en nóg að gera yfir sumarið.

**Arahús gistiheimili** Smári 555-1770/898-1771/891-9520

Pláss: 6 herbergi.

Tímabil: Mest að gera frá júní fram í miðjan september.

Annað: Hentar ekki vel að taka á móti heilum liðum og eru það helst einstaklingar sem gistiheimilið getur tekið við.

**Canal hótel** Emilía 578-8700

Pláss: 38 herbergi.

Tímabil: Það er jafnt rennsli allt árið og eru alltaf einhver laus pláss.

**Gistiheimili Hafnarfjarðar/Ferðbúinn** Inga María 690-3565/895-0906

Pláss: 10 herbergi (hafa leigt fyrir 2-7 manns hvert í farfuglastíl). Einnig er salur sem hópar 40 manns.

Tímabil: Salur notaður í gistingu á veturna en gistiheimilið formlega lokað frá 15.september til 15.maí. Dauður tími er í júní en brjálað að gera í júlí og ágúst.

Annað: Íþróttafélög utan að landi hafa verið að gista þarna. Eru með klifurvegg á svæðinu.

**Tjaldsvæði Víðistaðatúni** Inga María 690-3565/565-0900

Pláss: Allt að 400-500 manns í tjöldum ef mikið liggur við.

Tímabil: Yfir sumartímann.

Annað: Strandboltavöllur er á svæðinu og einnig nýtt og gott þjónustuhús.

**Helguhús** Helga 861-9279/5552842

Pláss: Ein íbúð með sex rúmum og tvö herbergi með fjórum rúmum. Hægt að gera þetta að 15-16 svefnpokaplássum.

Tímabil: Júlí er mest að gera, mikið í ágúst, ágætt í maí og júní. Á veturna er minna að gera.

## Húsnæði Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjörður getur einnig boðið upp á sitt eigið húsnæði ef íþróttahópar koma í bæinn. Helstu möguleikarnir í þeim efnum eru eftirfarandi:

Víðistaðaskóli

Engidalsskóli

Lækjarskóli

Setbergsskóli (einnig heilsdagsskólinn í Staðarbergi)

Öldutúnsskóli

Áslandsskóli

Hraunvallaskóli

Hvaleyrarskóli

Flensborg

Iðnskólinn

Tónlistarskóli, leikskólar, skóladagheimili

Dvergur

Vetur:

Húsnæði Vinnuskólans (Tekur 20 manns)

Í bígerð eru samrýmdar reglur um notkun húsnæðis bæjarins til dæmis til að gista íþróttafólk. Er það í sambandi við ÍBH og verða þær væntanlega tilbúnar fyrir lok árs 2010. Sigurður Haraldsson er þá tengiliður bæjarins í þeim efnum en hann er yfirmaður fasteigna Hafnarfjarðar.

## 1.2 Akstur í Hafnarfirði

Í þessum hluta er farið yfir akstursfyrirtækin í Hafnarfirði og innsýn forsvarsmanna þeirra fyrirtækja og möguleikar í tengslum við akstur á íþróttahópum.

### **Hópbílar** Pálmar Sigurðsson 599-6000/822-0098

Frístundabíllinn hefur verið notaður til að keyra hafnirsk börn til æfinga. Hópbílar hafa mikla reynslu af því að keyra alls kyns íþróttahópa. Eru alltaf jákvæðir að koma að því að keyra íþróttafólk fyrir félögin í Hafnarfirði.

### **Hópférðabílar Viking Bus** Valgarð Sigmarsson 555-1405/893-8888

Hefur verið að keyra fyrir skólana, og ferðamenn á sumrin. Það er brjáláð að gera frá maí fram í september. September er hentugasti tíminn.

### **Hópférðabílar K G B ferða** Kristján Guðmundsson 845-1425

Mest að gera yfir sumartímann, það er frekar þétt. Maí og Júní er mest að gera og hann hefur verið að keyra fyrir Breiðablik og séð um Síamótið í júlí í 6-7 ár. Törninn teygist oft fram í október en vetrartíminn er rólegri.

### **Strætó** 540-2700

Hægt að fá dagpassa, eða ræða við yfirmann miðasöluunnar um tilboð ef um mikinn fjölda er að ræða.



## 1.3 Matur

Hér má sjá helstu möguleikana þegar kemur að því að gefa keppendum og eða öðrum gestum að borða á meðan íþróttaviðburði stendur.

### Íþróttamiðstöðvar

Mjög góð eldunaraðstaða er bæði í íþróttamiðstöðinni Kaplakrika og Ásvöllum.

Möguleiki er að hafa eldunaraðstöðu í Íþróttamiðstöð Bjarkar af hægt yrði að fá lánaðan gastro ofn. En veitingasalur er í miðstöðinni. Einnig er veitingasalur í íþróttahúsi strandgötu, Hvaleyrarvelli og hjá Ásvallarlaug.

### Hótel

Bæði Hótel Hafnarfjörður og Viking Hótel bjóða upp á morgunmat og Hótel Hafnarfjörður getur einnig boðið upp á hádegismat fyrir hópa.

### Skólar

Ekki er leyfilegt að elda mat í skólunum en hægt er að bjóða upp á morgunmat þar.

### Grill

Hægt er að leigja grill og grilla pylsur eða hamborgara. Hentugar staðsetningar eru: Víðistaðatún, Thorsplan, Hellisgerði eða fyrir utan íþróttahúsin eða skólana.

### Matsölustaðir

Möguleiki er að semja við veitingastaði bæjarins um afslátt fyrir hópa.

Staðir sem selja heitan mat í Hafnarfirði:

#### **Skyndibitastaðir**

Pizzan (x2)  
Dominos  
Hrói Höttur  
KFC/Taco Bell  
Subway

Serrano

American Style

Pylsubarinn

Al Amir

Hamborgarabúlla Tómasar

#### **Söluturnar**

Holtanesti

Snæland Video (x2)

Bryndísarsjoppa

Dalsnesti

Grillhöllin

Fjöreggið	<b>Veitingastaðir</b>	Café Aroma
Jolli	Kænan	Don Huang
Total	Tilveran	Castello
	Fjaran/Fjörugarðurinn	<b>Heimilismatur</b>
	Gamla Vínhúsið	Á Milli Hrauna

## 1.4 Afþreying

Hér er farið yfir það helsta sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða í afþreyingarmálum.

**Íshestar** Einar Bollason 555-7000

Eru mjög jákvæðir fyrir öllum hlutum sem bætt geta ferðarþjónustuna og/eða íþróttalífið í Hafnarfirði. Eru til í að koma að afþreyingarpakka og vilja setjast niður þegar hugmynd að mótum verður fullmótuð.

**Sjósigling/Hafgull ehf** Inga Lóa 863-5700

Hafnirskt fyrirtæki sem býður upp á Hvalaskoðun þar sem siglt er frá Reykjavíkurböfn. Um er að ræða bát sem tekur 50 manns en siglt er allt árið. Ferðin tekur þrjá til þrjá og hálfan tíma og er boðið upp á sjávarréttasúpu og brauð um borð. Einnig er boðið upp á sjóstöng og kvöld- og nætursiglingar.

**Hafnarfjarðarleikhús** (Tekur 170 manns í sæti)

**Byggðasafn Hafnarfjarðar** (Siggubær, Bungalowið, Pakkhúsið, Sívertsenshúsið, Beggubúð, Góðtemplarahúsið).

**Hafnarborg**

**Álfar og huldufólk** (huliðsheimakort fæst á bæjarskrifstofu).

**Sundlaugar** Frítt í sund, diskósund.

**Skólar** Poolborð, borðtennis, sjónvörp, boltavellir.

**Grillveisla og/eða Lokahóf** (Víðistaðatún, Thorsplanið, Hellisgerði eða inni í íþróttahúsi).

**Fyrir utan bæinn** Hvaleyrarvatn, Krýsuvík, Heiðmörk.

**Úr bænum** Gullfoss og Geysir, Bláa Lónið.

## 1.5 Íþróttaaðstaða í Hafnarfjarðarbæ

Í þessum hluta er íþróttaaðstaðan í Hafnarfirði listuð.

### Ásvellir

Íþróttahús 45x46m (hægt að skipta í 3-4 hluta; tekur 2000 manns í sæti)

Karatesalur

minni salur

Gervigrasvöllur (löglegur samkvæmt alþjóðlegum stöðlum)

Grasvöllur (Samtals hægt að hafa 7x sjö manna velli á svæðinu)

Æfingasvæði

### Kaplakröki

Íþróttahús ( 44x44m hægt að skipta í tvennt; 2500 manns í sæti)

Innanhúsknattspyrnuhöll (rúmur hálfur völlur)

Grasvöllur

Æfingasvæði

Frjálsíþróttavöllur

Frjálsíþróttahöll (4500m<sup>2</sup> með 200m hlaupabraut væntanleg á næstu árum)

### Bjarkarhús

Íþróttasalur 16x32m

Fimleikasvæði 1140m<sup>2</sup> með gryfju og fullkomnum áhöldum (tekur 250 áhorfendur)

Klifurveggur (7m x 20m topplínuveggur)

Grjótglímuveggur (er verið að smíða)

Danssalur

Minni salur

### Strandgata

Íþróttahús 20x40m (hægt að skipta í 2-3 hluta; tekur 1100 manns í sæti)

Minni salur

Fjögur borðtennisborð

5km hlaupahringur (fráveituhringurinn um bæinn)

### Minni íþróttahús

Gamli Lækjarskóli

Nýi Lækjarskóli (13,5x24,5m)

Víðistaðaskóli (16x27m)

Setbergsskóli (13,5x24m)

Hraunvallaskóli

### **Sparkvellir (gervigrasvellir 18x66m)**

Öldutúnsskóli

Víðistaðaskóli

Hraunvallarskóli

Setbergsskóli

Engidalsskóla

Lækjarskóli

### **Götukörfuboltavellir**

Setbergsskóli

Hvaleyrarskóli

### **Golfvellir**

Hvaleyrarvöllur (einn 18 holu golfvöllur og annar 9 holu)

Setbergsvöllur (9 holu völlum)

### **Sundlaugar**

Sundhöll Hafnarfjarðar (innilaug 25x8,4m)

Suðurbæjarlaug (innilaug 12,5x8m og útilaug 25x12,5m)

Sundlaug á Völlum (2 innilaugar önnur 50x25m og hin 10x16,5m)

Sundlaugin Lækjarskóla (innilaug 16,7x10m)

### **Akstursíþróttir**

Svæði AÍH við Krísvíkurveg

Kvartmílubrautin

Torfæruhjólabraut við Kapelluhraun (Væntanleg á næstu árum)

### **Dalshraun**

Boxhringur (Aðstaðan er ekki lögleg til keppni)

### **Sörlastaðir**

Reiðskemmi (20x40m)

Stökkbraut (áhorfendapallar)

Tveir hringvellir

### **Drafnarlippur**

Siglingaaðstaða

### **Iðavellir**

Skotíþróttasvæði við Kapelluhraun

### **Víðistaðatún**

Strandvöllur

Klifurveggur

Tveir tennisvellir (annar malbikaður og hinn úr plasti)

### **Hvaleyrarvatn**

Grasvöllur (um það bil 100X100m)

## **2.1 Íþróttafélögin í Hafnarfirði**

Í Hafnarfjarðarbæ eru starfrækt sextán íþróttafélög og samtals 32 deildir. Í þessum kafla má sjá iðkendur eftir deildum.

Í sviga má sjá skiptingu á heildariðkendafjölda eftir aldri (yngri en 16 ára/16 ára og eldri).

### **FH: 2155 (1467/688)**

Handknattleiksdeild 398 (301/97)

Knattspyrnudeild 644 (568/76)

Skylmingadeild 124 (88/36)

Frjálsíþróttadeild 1066 (577/489)

### **Haukar 2979 (2252/727)**

Handknattleiksdeild 618 (373/245)

Körfuknattleiksdeild 551 (418/133)

Knattspyrnudeild 819 (669/150)

Karatedeild 199 (134/65)

Almenningsíþróttadeild 361 (185/176)

### **Badmintonfélag Hafnarfjarðar 265 (184/81)**

Badmintondeild 225 (151/74)

Tennisdeild 35 (33/2)

Borðtennisdeild 12 (12/0)

### **Björk 954 (878/76)**

Fimleikadeild 609 (586/23)

Taekwondodeild 99 (72/27)

Klifurdeild 66 (60/6)

Almenningsíþróttadeild 463 (361/102)

### **Keilir 1328 (160/1168)**

### **SH 358 (260/98)**

### **ÍH 21 (0/21)**

### **Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar 131 (0/131)**

### **Þytur 427 (149/278)**

**Sörli 747 (157/590)**

**Setberg 36 (1/35)**

**Dansípróttafélag Hafnarfjarðar 511 (332/179)**

**Fjörður 74 (29/45)**

**Kvartmíluklúbburinn 47 (0/47)**

**Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar 344 (88/256)**

**Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar 228 (9/219)**

Rallycrossdeild (80)

Torfæruhjóladeild (57)

Götuþjóladeild (74)

Driftdeild 57 (0/57)

Gokartdeild 13 (1/12)

Fjöldi iðkenda eftir félögum er fenginn úr starfsskýrslu aðildarféлага ÍBH árið 2009 og miðast við starfsárið 2008. Miðað er við starfsárið 2009 varðandi iðkendatölur handknattleiks- og knattspyrnudeildar FH og Hauka, almenningsípróttadeildum Hauka og Bjarkar; og Akstursípróttafélags Hafnarfjarðar. Gokartdeild AÍH og borðtennisdeild BH eru nýjar deildir og fengust upplýsingar um fjölda iðkenda hjá formönnum deildanna. Fjöldi iðkenda hjá ÍH er fenginn á vef Knattspyrnusambands Íslands.

## 2.2 Staðan í mótamálum hjá íþróttahreyfingunni

Í þessum hluta má sjá afrakstur viðræðna við aðila frá íþróttafélögum í Hafnarfirði. Rætt var við fólk úr öllum deildum íþróttafélaganna og þeirra innsýn í mótamál og önnur slík verkefni könnuð.

### Handbolti

Tvö handboltalið eru starfrækt í bænum; Haukar og FH.

#### Fyrri mót

FH í samvinnu við Úrval Útsýn hélt Ice cup mótið sex ár í röð á árunum 1993-1998. Geir Hallsteinnsson og Þórir Jónsson heitinn sáu um mótið.

Leikið var í 2., 3., 4. og 5. Flokki hjá báðum kynjum. Það er fólk á aldrinum 11-20 ára. Leikið var í Kaplakrika og íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mótið var haldið um páskana þar sem það hentaði vel því krakkarnir voru þá í skólafrí en handboltatímabilið enn í fullum gangi. Einn ókostur við tímasetningu mótsins var nálægð við lokaúrslit á Íslandsmóti yngri flokka sem eru um vorið.

Flest íslensku félögin tóku þátt og komu til að mynda félög utan að landi svo sem frá Húsavík, Keflavík, Egilstöðum og Akureyri. Einnig voru 10-15 erlend félög í hverri keppni en samtals voru á bilinu 700-1300 þátttakendur í mótunum. Þegar mest var komu 200 krakkar frá útlöndum.

Krökkunum var séð fyrir gistingu í Víðistaðaskóla þar sem þeim var boðið upp á mat úr eldhúsi. Foreldrar barnanna og fararstjórar gistu á gistiheimilinu Berg sem nú kallast Canal Hótel.

Allir þátttakendur fengu frí strætókort sem þau gátu notað hvenær og hvar sem er á meðan mótinu stóð.

Kvöldvaka var hjá krökkunum sem gistu í skólanum og fólk fengið til að sjá um það, þá var haldið veglegt lokakvöld fyrir alla þátttakendur. Stærsti bitinn var svo ferð upp á Gullfoss og Geysi.

Hafnarfjarðarbær styrkti verkefnið meðal annars með því að greiða mat í Fjöruborðinu lokakvöldið.

Ice cup fékk einnig styrk fyrir verðlaunapeningum og bikurum.

#### Núverandi mót

Fjöldi túrneringa eru haldnar í ýmsum flokkum bæði af Haukum og FH á vegum HSÍ. Í slíkum mótum koma jafnan nokkur lið utan að landi og hefur gisting á þeim verið vandamál. Haukar hafa gert samning við Hótel Hafnarfjörð um að keppendur gisti þar en FH hefur fengið inn hjá vinnuskólanum og heildagsskólanum í Staðarbergi. FH hefur haldið mót á vegum HSÍ í Kaplakrika og á Strandgötu og eru að jafnaði þrjú mót á vetri. Haukar halda sín mót á Ásvöllum.

Auk túrneringa halda Haukar lítið Haukamót í 7. flokki í samstarfi við Kiwanisklúbbinn Eldborg. Mótið hefur verið haldið í 25 ár og er þremur félögum boðin þátttaka í mótinu sem tekur þrjár klukkustundir. Engin stærri mót eru haldin í yngri flokkum í bænum sem ekki eru hluti af Íslandsmóti.

Haldið var undirbúningsmót í meistaraflokki fyrir handboltatímabilið fyrir tveimur árum og kom þá danskt lið hingað til lands. Fyrir leiktímabilið 2010/2011 verður aftur Hafnarfjarðarmót og hafa erlend félög sýnt áhuga á því að taka þátt í mótinu.

### **Hugsanleg mót:**

Komin er sú hugmynd að endurvekja Ice Cup og halda mót fyrir unglunga í 3. og 4. flokki og jafnvel 5. flokki.

Hugmyndin er að bjóða hvaða liði sem er þátttöku. Þar með gætu lið á Íslandi tekið þátt og mótið yrði mjög stórt. Mótið yrði þá fyrir stráka og stelpur í unglunga flokkum.

Hægt er að bjóða upp á mismunandi pakka þar sem þátttakendur geta keypt gistingu og mat. Ekki er hafin vinna að gistingu keppenda en Hópbílar myndu sjá um aksturinn frá skólum til keppnisstaða ef þess væri þörf. Matur yrði seldur og boðið upp á morgunmat og kvöldmat en aðstaða til að elda í íþróttahúsunum. Þá væri einnig hægt að bjóða upp á vaxtakörfur og fleira í þeim dúr.

Auðvelt að halda lokahóf í íþróttahúsunum. Einnig gæti verið sniðugt að halda lokaleik landsliðið-pressuliði líkt og gert er í Shellmótinu í eyjum (sem er eitt stærsta fótboltamót landsins). Þá er sniðugt að gefa boli með auglýsingu og skráð ártalið á bolnum.

Hugmyndin er að halda mótið um annað hvort í febrúar eða í október en þá er vetrarfrí í grunnskólum á Norðurlöndum. Það hentar einnig vel í sambandi við stærstu handboltamótin á norðurlöndum í þessum aldursflokkum. Partille cup er í byrjun júlí og Nordic cup er í desember. Það myndi auk þess ekki vera of nálægt lokaúrslitum Íslandsmótsins.

Hentar þessi tímasetning vel fyrir ferðapjónustuna þar sem þetta er utan háannatíma og því hægt að fá bæði ódýrt flug og gistingu.

Forráðamenn FH hafa komið með hugmyndina að þessu móti en hentugast er að FH og Haukar vinni saman. Hægt er að skipta sal íþróttahúsa bæði Kaplakrika og Ásvalla í tvo löglega handboltavelli hvort auk þess er möguleiki á að spila í íþróttahúsinu við Strandgötu. Samtals er því um fimm mögulega velli til að leika á auk Bjarkarsalsins sem er aðeins minni en hinir.

Stefnt var að því að halda fyrsta mótið í febrúar 2011 en vegna þess að HSÍ setti bikarúrslitin á sömu helgi var ákveðið að fresta mótinu þar til 2012.

Fyrir sex árum kom upp sú hugmynd að halda pollamót í handbolta líkt og er gert í fótbolta á Akureyri. Þá var hugsunin að hafa handboltamót fyrir 30 ára og eldri og höfðu fimm erlend lið boðað þátttöku sína auk fjölda íslenskra liða. Tvö erlend lið hættu við á síðustu stundu og var ákveðið að fresta mótinu af þeim sökum. Það hefur verið á ís síðan þá en þessi hugmynd hefur skotið upp kollinum af og til.



Er hugur hjá forráðamönnum FH og Hauka að gera svona mót. Hugsunin er þá að hafa mótið fyrir bæði karla og konur sem eru 30 ára og eldri. Þetta yrði þá í raun partýbolti þar sem áhersla er lögð á skemmtun.

Hentugast er að halda þetta mót utan álagstíma hjá ferðapjónustunni í Hafnarfirði.

## Frjálsar Íþróttir

### Fyrri mót

Fyrir um 20-30 árum var hefð fyrir því að elítan í kastgreinum keppti á móti á vegum frjálsíþróttadeildar FH. Keppendur voru þá bestir í heimi í sínum greinum og voru þátttakendur á bilinu 15-20 manns.

### Núverandi mót

Frjálsíþróttadeildin heldur reglulega mót í ýmsum stærðum og gerðum. Samtals eru um 25 mót á ári en mörg þeirra eru innanfélagsmót sem eru opin fyrir alla. Þátttaka á þessum mótum getur verið allt frá fáum aðilum upp í nokkur hundruð manns.

Deildin hefur ekki getað haldið innanhúsmót vegna aðstöðuleysis en það breytist þegar frjálsíþróttahöllin er tilbúin.

Deildin hefur einnig staðið fyrir nokkrum hlaupmótum á ári en til að mynda mættu 150 manns í Atlantsólúhlaupið í byrjun júní 2010. Þá var hlaupið 5km. Hugmyndin er að hafa þetta hlaup reglulega og hafa þá eitt hlaup um sumarið og þrjú yfir vetrartímann. Hlaupið er eftir göngustígnum sem fráveitan lagði sem er einkar hentugur þar sem ekki er um brekkur. Þátttakendur fá svo frítt í sund að hlaupi loknu. Ekki er verið að stíla inn á að fá erlenda keppendur og aðstæður í Hafnarfirði leyfa ekki hálf maraþon eða maraþon.

Nú þegar hafa verið skráð fjögur kastmót í ágústmánuði á vegum frjálsíþróttadeildar FH; svokölluð Elite Throwing mót. Þetta eru þá kastmót fyrir kastara í háum gæðaflokki og því má segja að þetta sé endurvakning af mótunum sem voru fyrir um 20-30 árum.

Þá er hugur að blanda saman fullorðins elítumótum við barnamót og/eða unglíngamót.

Í ágúst fer einmitt fram Gaflarinn sem er stórt barnamót í völdum greinum. Óvíst er um þátttökufjölda en reikna má með að 100-150 manns keppendur komi utan að landi. Stefnan er að þetta verði stærsta barnamótið eftir nokkur ár og má þá reikna með vel yfir 500 keppendum. Keppendur eru á aldrinum 10-14 ára og er keppt í völdum greinum.

Ekki er komið á hreint hvernig gisting, akstur, matur og afþreying verður háttað. Líklega munu krakkarnir sem koma utan að landi gista í skólum en foreldrar og fararstjórar hafa möguleikann á því að gista á gistiheimilum eða tjöldum.

Krakkarnir geta fengið morgunmat í skólunum. Möguleiki er á því að elda sjálf ofan í krakkana í aðstöðunni í Kaplakrika en annars semja við veitingastaði bæjarins.

Hópbílar munu sjá um akstur á börnum frá svefnstað á keppnisstað.

### **Hugsanleg mót**

Ein hugmyndin er að hafa 300-400 keppenda kastmót þar sem bæði íslenskir og erlendir keppendur 19 ára og yngri tækju þátt. Það getur verið á sumrin eða um páskana.

Gott væri að halda alþjóðlegt innanhúsmót eftir að stóru peningamótunum er lokið ásamt Evrópu- og heimsmeistaramótinu. Um er að ræða í lok febrúar eða í mars. Það væri þá í heimsklassa meistaraflokks í völdum greinum en það hefur vantað innanhúsmót á norðurlöndum.

Frjálsíþróttahöllin myndi leysa það vandamál.

Auðvelt er fyrir frjálsíþróttadeildina að koma að Hafnarfjarðarleikum þegar höllin er tilbúin. Þá er hægt að halda mótið hvenær sem er á árinu. Forráðamenn Frjálsíþróttadeildar FH hafa mikinn hug á því að taka þátt í því verkefni.

## **Sund**

### **Núverandi mót**

Sundfélag Hafnarfjarðar fékk tvö úthlutuð mót frá sundsambandi Íslands fyrir sumarið 2010. Fyrra mótið er smáþjóðaleikarnir í sundi og hið síðara er svokallað AMÍ.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram helgina 12.-13. júní og tóku 140 keppendur þátt frá sex löndum. Þátttakendur voru á unglingsaldri eða fullorðnir. Um er að ræða um það bil 40 útlendinga. Mótið er haldið annað hvert ár og skiptast þjóðirnar á að halda það. Erlendu gestirnir gistu í Hótel Hafnarfirði. Rúta fékkst lánuð frá Hópbílum og sá SH um að keyra keppendur frá hóteli og að keppnisstað, en keppt var í Ásvallarlaug.

Hádegismatur var seldur en hann var eldaður í Hagaskóla í Reykjavík og borinn fram í salnum við Ásvallalaug. Kvöldmatur var uppi á hóteli.

Grillveisla var svo haldin lokadaginn í garðinum hjá formanni SH og mættu 60-80 manns þangað.

Aldursflokka meistaramót Íslands eða svokallað AMÍ hefur verið haldið einu sinni á ári til skiptis í Reykjanesbæ og á Akureyri. 24.-27. júní árið 2010 var það í fyrsta skipti haldið í Hafnarfjarðarbæ. 10-18 ára keppa á mótinu og eru það bæði strákar og stelpur.

275 keppendur mættu til leiks og þar af níu Færeyingar og einhverjir utan að landi. Boðið var upp á gistingu í Hvaleyrarskóla og nýttu um 180 krakkar sér það. Ekki þurfti að sjá um formlegan akstur þar sem gisting er nálægt Ásvallalauginni þar sem keppt var.

Boðið var upp í morgun, hádegis og kvöldmat í salnum við Ásvallalaugina. Morgunmatur var hefðbundinn og hádegismatur og kvöldmatur eldaður í Áslandsskóla.

Boðið var upp á pakka þar sem keppendur gátu valið um gistingu, mat, bol og lokahóf eða einstaka hluti.

Skrúðganga var frá Hvaleyrarskóla að Ásvallalaug opnunardaginn og fór lúðrasveit fyrir hópnum. Í Hvaleyrarskóla var hægt að komast í borðtennis og spila pool. Einnig hópuðust fjöldi krakka saman til að horfa á sjónvarpið á kvöldin. Á heimasíðu mótsins var keppendum og gestum bent á Siggubæ og hvernig best væri að leita að álfum og huldufólki. Síðasta daginn var lokahóf í Strandgötu þar sem boðið var upp á fínan mat og verðlaunaafhending fór fram.

Auk þessara móta heldur SH opin innanfélagsmót næstum mánaðarlega þar sem einhverjir hafa komið frá Akureyri. Þeir hafa annað hvort reddað sér sjálfir eða fengið að gista í Hvaleyrarskóla og fengið þá að borða í salnum hjá sundlauginni.

Mótin eru þá haldin fyrir 11 ára og yngri fyrir hádegi og eldri eftir hádegi.

Stórmót SH er stærsta mótið sem félagið heldur sem er utan SSÍ en það hefur verið haldið árlega á haustin. Stefnan er að reyna að stækka það mót en það er erfitt þar sem það vantar aðstöðu fyrir keppendur við bakkann. Á meðan mót eru haldin þarf að leigja palla sem kosta á bilinu 300-400 þúsund. Heppilegast væri að finna endanlega lausn á því en það er forgangsverkefni hjá bænum.

Eftir að ný og glæsileg sundlaug var byggð hafa nokkur lið komið í æfingabúðir. Tvö lið af norðurlöndunum og eitt frá Akureyri hafa komið yfir vetrartímamann og gisti í Hótel Hafnarfirði. Ekkert hefur verið séð um krakkana og hafa þau reddað sér sjálf með allt nema að krökkunum frá Akureyri hefur verið seldur matur. Hugsunin er að setja upp einhvern pakka fyrir æfingaferðir.

### **Framtíðarmót**

SH mun halda einhver mót á vegum SSÍ á næsta vetri en utanumhald á keppendum verður þá í höndum SSÍ.

### **Hugsanleg mót**

SH hefur mikinn hug á því að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum en dagskráin er þétt í sundinu. Tímabilið er frá október fram í maí. En vorin (frá maí og fram í júní) eru mjög þétt. SH hefur haldið páskamót undanfarin ár og myndi sá tími því henta einkar vel.

## Fótbolti

Þrjú fótboltalið eru starfrækt í bænum FH, Haukar og ÍH en síðastnefnda liðið er í samstarfi við Hauka.

### Fyrri mót

Viking cup/Leikbæjarmótið var haldið í fimm eða sex ár á Ásvöllum. Þar var um að ræða strákamót fyrir 5. flokk. Þar voru um tíu lið að taka þátt en leikið var um miðjan júní. Síðasta mót var haldið fyrir um sex árum síðan.

### Núverandi mót

Nú er lítið mót haldið í sjöunda flokki karla í lok júlí á Ásvöllum þar sem Haukar og þrjú lið frá suðurnesjunum taka þátt. Tekur það í raun aðeins tvo tíma en fyrsta mótið sem haldið var í fyrra vakti mikla lukku.

Önnur fótboltamót eru ekki haldin í Hafnarfirði.

### Framtíðaráætlanir

Knattspyrnudeild FH hefur komið með þá hugmynd að efna til viku námskeiða eða svokallaðar æfingabúðir. Væri það fyrir unglinga bæði stráka og stelpur á aldrinum 10-14 ára hvaðan sem er á landinu. Einnig er möguleiki á að fá unglinga erlendis frá. Námskeiðið væri fyrir þá sem vilja og má segja að þetta sé útvíkkun á knattspyrnskóla FH sem er ætlaður yngri börnum. Þetta yrði því ákveðinn framhaldsskóli. Fljótt á skotið má reikna með því að um 200 manns taki þátt.

Kennslan færi fram á Kaplakrikasvæðinu og er stefnt á að hafa tvö námskeið yfir sumarið; það fyrra í lok júní og það síðara í ágúst áður en skólarnir byrja.

Redda þarf gistirými fyrir utanbæjarkrakka sem og gesti sem koma erlendis frá. Líklega verður þetta allavega til að byrja með mestmegnis krakkar af höfuðborgarsvæðinu sem þurfa ekki gistirými.

Boðið er upp á heitan mat í hádeginu í Kaplakrika eins og hefur verið gert í knattspyrnskólanum og gefist vel í nýrri aðstöðu. Hægt er að elda fyrir nánast óendanlegan fjölda á svæðinu.

### Hugsanleg mót

#### Hugmyndir FH

Fyrir nokkrum árum var nánast tilbúin svokölluð bankadeild sem átti að fara fram milli starfsmannaliða sem bankarnir sendu. Allir bankarnir höfðu sent lið og voru samtals 28 lið skráð til leiks en leika átti í Risanum knattspyrnuhöllinni við Kaplakrika.

Um var að ræða tvær deildir og þurfti að finna tvo tíma tvisvar í miðri viku auk tveggja tíma um helgar til að dæmið gengi upp en bæði vegna aðstöðuleysis til æfinga hjá félaginu og almenns efnahagshruns gekk það ekki eftir.

Hugsanlegt er hægt að stíla inn á bandarísku liðin sem fara á Gothia cup (sem er stærsta unglíngamót í heimi í knattspyrnu) í júlí og fá þau í æfingabúðir í Kaplakrika. Til þess að hita upp fyrir mótið.

Þá er einnig möguleiki að halda old boys mót í risanum sem væri þá leikið fimm á móti fimm, 30 ára og eldri. Ef ein helgi færi í þetta gæti verið möguleiki að 32 lið tækju þátt.

### Hugmyndir Hauka

Það er hugsanlegt að hafa barnamót en það er mjög mikið af framboði og ekki hægt að segja að einhverja flokka skorti mót. Þau eru öll þjöppuð 10. júní til 20 ágúst.

Möguleiki er að stækka núverandi mót er mikill hugur á að gera það smátt og smátt. Ekki endilega þarf að halda það í júlí þó það sé hentugt þar sem það er rétt áður en 7.flokkur fer í sumarfrí. Jafnvel er hægt að hafa mót í 7. flokki karla og kvenna hvort sem það er í júlí eða jafnvel haustmót í ágúst.

Eða hraðmót í 5.flokki karla sjö manna bolta á Ásvöllum í ágúst.

Bæði hentug á Ásvallasvæðinu þar sem hægt er að útbúa 7x sjö manna velli.

Einnig er hugsanlegt að halda innanhús Futsal mót í 4. og 3. flokki síðustu helgina í Október. Það er samt aðeins hægt að koma á einum velli á Ásvöllum og því hentugast að fá FH með í lið og hafa mótið einnig í Kaplakrika. Það er þó vel hægt að byrja smátt og prófa að hafa mót í einum flokki á Ásvöllum.

Það er vetrarfrí þennan tíma og því hægt að nýta gistinguna í skólunum.

### Hugmyndir ÍH

Forráðamenn ÍH eru opnir fyrir því að koma að einhverju móti en engar hugmyndir eru komnar upp í þeim efnum.

## **Körfubolti**

### **Núverandi mót**

Acatvismótið (áður jólamótið) hefur verið haldið í lok desember síðustu 25 árin fyrir bæði stráka og stelpur ellefu ára og yngri. Um er að ræða 500 þátttakendur á tveggja til þriggja daga móti en leikir hvers flokks er aðeins einn dag. Leikið er á Ásvöllum.

Fjöldi liða af landsbyggðinni tekur þátt á mótinu en körfuknattleiksdeild Hauka hefur ekki komið að gistingu þeirra.

Heitur matur er seldur á mótstað.

Hugsanlegt er að gera meiri pakka í kringum mótið og bjóða upp á afþreyingu en það er ekki gert í dag.

### **Framtíðarmót**

Alþjóðlegt mót á Ásvöllum í kvennaflokki 16-18 ára. Þrjú amerísk lið auk tveggja frá norðurlöndum hafa áhuga á því að koma. Boðið væri þá upp á ákveðinn pakka.

Stefnt er að því að semja við hótelin í bænum um gistingu liðanna. Rætt hefur verið við hópbíla um að sjá bæði um aksturinn innanbæjar og fara með erlenda þátttakendur í skoðunarferð.

Stefnt er að því að fá einhvern til að elda fyrir þátttakendur eða semja við einhvern veitingastað.

### **Hugsanleg mót**

Firmamót var haldið áður en hefur ekki verið haldið síðustu ár. Áhugi er að koma á því aftur og best væri að halda það um vorið eða hugsanlega um haustið. Væri þá aðeins keppt í karlaflokki fullorðinna.

Komin er hugmynd að götuboltamóti( innan bæjarins til að byrja með). Keppa þá nemendur grunnskólana sín á milli og hver skóli með lið í sínum árgangi.

Þrjú mót væru þá haldin yfir sumartímann þar sem síðasta mótið yrði úrslitamót. Leikið yrði á Setbergsskólavellinum og Hvaleyrarskólavellinum.

Það væri hentugast að fjölga slíkum völlum til að stækka þetta mót og gera þetta að sumargötuboltamóti grunnskóla höfuðborgarsvæðisins eða jafnvel landsins.

## **Golf**

Tvö golflið eru starfrækt í Hafnarfirði; Keilir og Setberg.

### **Fyrri mót**

Keilir hélt Canon mótin á árunum 2000-2004 en þetta eru alþjóðleg mót þar sem Canon velur staðsetningu og fjármagnar mótið. Stór nöfn í golfheiminum komu þá og léku á Hvaleyrarvelli. Mótið er haldið þrjú ár í röð á sama stað en var ákveðið að hafa það í fimm ár hér á landi.

Norðurlandamót hafa verið haldin en þau eru að detta upp fyrir. Hætt var við Norðurlandamótið í fullorðinsflokki í fyrra þar sem Danir og Svíar hættu við þátttöku. Það lítur allt út fyrir að unglinga Norðurlandamótið, sem átti að fara fram í sumar, falli einnig niður.

### **Núverandi mót**

Keilir heldur fjöldann allan af mótum bæði lokuðum innanfélagsmótum og opnum mótum. Stærsta innanfélagsmótið er Meistaramótið en 410 þátttakendur tóku þátt í því í byrjun júlí 2010. Mót eru haldin í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum. Til dæmis eru sérstök unglinga-, öldunga- og kvennamót. Að auki eru sérstakt mót sem kallast Álfagaldur þar sem börn koma og taka þátt í leikjum en ekki formlegri keppni.

Setberg hélt 4-5 mót á ári þangað til fyrir 2-3 árum en þá minnkaði starsemin og félagið hefur aðeins haldið eitt mót á ári síðan þá. Þátttakendur á hverju móti eru að jafnaði rétt rúmlega hundrað talsins. Ekki mikið af gestum utan að landi. Í ár verða annað hvort tvö eða þrjú mót en unnið er að því að endurlífga klúbbinn og er stefnumótavinna í bígerð. Niðurstöður þeirrar vinnu segja svo til um hvort haldin verði stærri eða fleiri mót.

Fjöldi keppenda kemur utan að landi á mót Keili en félagið hefur ekki sérstaklega hugað að gistingu, mat eða akstri fyrir þá.

Útlendingar haf mikið komið á völlinn til að spila en þeir taka sjaldan þátt í mótum. Fólk hefur komið að utan í beinum tilgangi til að spila golf á Hvaleyrvellinum. Til að mynda kom átta manna hópur frá Austurríki á dögnum til að spila völlinn.

Keilir hefur ekki séð um að redda gistingu, akstri eða mat fyrir þessa gesti en hafa stungið upp á því að boðið verði upp á stærri pakkaferðir í kringum þá.

Keilir er til að mynda hluti að verkefninu Golf Iceland og var hluti af því að bjóða 16 erlendum blaðamönnum til að spila golf á Íslandi. Þessir menn sögðu frá því að það vantaði stærri pakka í kringum þessar ferðir. Það væri best að hafa fjögurra til fimm daga pakkaferðir þar sem spilað er golf á morgnana, og gist er í hótélum Hafnarfjarðar og matur í boði í aðstöðu Keilis og á hótélum. Ef um stærri hópa væri að ræða er hægt að hafa skutlu eða rútu til að keyra á milli staða.

### **Framtíðarverkefni**

Þau verkefni sem helst myndu henta bæjarfélaginu eru þessar pakkaferðir. Helsti tíminn er frá maí og fram í lok september. Áhugi er að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum og væri ekki mikið mál að setja upp mót eða tengja mót við leikana.

## **Fimleikar**

### **Núverandi mót**

Bjarkirnar halda nokkur mót fyrir fimleikasambandið og auk þess halda þær árlega Mínerfumót eina helgi í apríl. Þar keppa stelpur tólf ára og yngri frá nágrannasveitafélögum og eitthvað frá Akureyri. Á milli 200 og 300 stelpur taka þátt. Björk hefur ekki séð um að redda gistingu fyrir þær þar sem stelpurnar redda sér gistingu sjálfar. Ef eitthvað hefur komið upp á hafa stelpur gist í félagsaðstöðunni.

Hver hópur klárast á einum degi og er því óþarfi fyrir nágannaliðin að gista.

### **Hugsanleg mót**

Ekki hafa komið hugmyndir að því að halda fleiri mót en viljinn er fyrir hendi ef leikreglur varðandi gistingu í skólum og þess háttar eru tilbúnar.

Það er möguleiki á að halda mót í hóp fimleikum eða bjóða fimleikafólki utan að landi að nýta aðstöðuna í einhvers konar æfingabúðum. Það er mjög ólíklegt að fólk komi erlendis frá en það má vel skoða það.

Forráðamenn fimleikadeildar Bjarkar hafa mikinn hug á því að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum. Keppnistímabilið er um vetrartímamann og tíminn sem mögulegt er að halda mót er frá september fram í miðjan júní. Það getur verið hvenær sem er á þessu tímabili svo lengi sem ekki verður árekstur við önnur fimleikamót innanlands.

Hægt er að hafa mótið í hvaða aldursflokkum sem er í bæði karla og kvenna.

## **Akstursíþróttir**

Tvö akstursíþróttafélög eru starfrækt í Hafnarfirði. Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar er með fimm deildir og Kvartmíluklúbburinn eina deild.

### **Núverandi mót**

#### Kvartmíluklúbburinn

Auk þess að halda öll Íslandsmótin í Kvartmílu eru haldin önnur mót svo sem svokallað King of the street mót þar sem keppt er um kraftmesta götubílinn. Um 30-50 manns taka þátt í hverju móti og eru þeir flestir af höfuðborgarsvæðinu en einhverjir koma frá landsbyggðinni. Kvartmíluklúbburinn gerir ekki ráðstafanir varðandi gistingu þeirra.

Þá heldur klúbburinn MC dag sem er tileinkaður gömlu bílunum og Import dag sem er tileinkaður bílum sem ekki eru amerískir.

Erlendir keppendur taka ekki þátt en eitthvað hefur borið af erlendum áhorfendum sem hafa þó ekki komið til landsins í beinum tilgangi til að fylgjast með.

#### AÍH

#### Götuhjóladeild

Eru með mót í sumar, og er það fyrsta götuhjólamótið hérlendis. Ómögulegt að segja til um þátttökufjöldann. Engir keppendur að utan vegna kostnaðar og aðstöðuleysis.

#### Gokartdeild

Standa fyrir fyrsta Íslandsmóti í greininni í sumar síðan 2006. Það verða haldin 3 mót. Þetta er glæný deild og stendur skráning yfir þessa dagana.

#### Driftdeild

Þetta er ný deild innan AÍH frá mars 2009. Fjögur af fimm mótum Íslandsmótsins eru á svæði AÍH við Krísvíkurveg. Eru ekki með önnur mót í pípunum en það kom til tals að halda bikarmót en það varð



ekkert úr því. Það kæmi til greina að halda slíkt mót á næstu árum en ansi hæpið að erlendir þátttakendur myndu koma.

#### Torfæruhjóladeild

Eru ekki með aðstöðu núna en hafa fengið leyfi fyrir aðstöðu uppi í Kapelluhrauni sem er í bígerð. Samkvæmt raunhæfu mati er hún væntanleg á næstu fimm árum. Þegar sú aðstaða er komin er mikill hugur í deildinni að halda mót og jafnvel fá erlenda aðila hingað til lands í tengslum við það.

#### Rallycrossdeild

Standa fyrir Íslandsmótinu og eru haldin fimm mót auk tveggja til þriggja bikarmóta. Það voru 20-30 keppendur í hverju móti í fyrra en það er hraður vöxtur og hefur fjölgað mikið frá því í fyrra.

#### **Hugsanleg mót**

Kvartmíluklúbburinn og AÍH hafa mjög mikinn áhuga á að halda Bíladaga í Hafnarfirði og í leiðinni kynna íþróttina. Fyrirmyndin að því eru bíladagar á Akureyri þar sem 15 þúsund manns heimsækja bæinn árlega og fylgjast með alls kyns bílaíþróttum.

AÍH er í góðu sambandi við erlendu sérsamböndin og hefur verið boðið að fá keppendur erlendis til landsins til að kynna eða keppa þannig að sá möguleiki er í boði þó að forráðamenn AÍH telji að það þurfi að bæta aðstöðu þó nokkuð til að það sé boðlegt en er samt ekki vandamál. Áhorfendur hafa komið erlendis frá til að horfa á rallycrosskeppnir þannig að það er alveg opið að fá áhorfendur á keppnir sérstaklega ef aðstaða AÍH á svæðinu væri bætt

Hringaksturssvæði myndi skila sér í mikilli aukningu móta en nú þegar hefur verið úthlutað svæði.

## **Íþróttir fatlaðra**

#### **Núverandi mót**

Fjarðarmótið í sundi fer fram árlega og í september 2009 var keppt í Ásvallalaug. Þátttakendum og aðstandendum var boðið upp á pizzu í Pizza Hut í Smáralind en samtals voru það 80 manns.

Fjörður hélt Íslandsmótið í sundi í 50m laug í mars árið 2010 í Ásvallalaug.

Þorramótið var haldið í Víðistaðaskóla þar sem lið frá bæjarstjórnnum Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness mæta liðum frá Firði í boccia.

Jólamótið í boccia var haldið í nóvember í Víðistaðaskóla og tóku 18 keppendur þátt.

#### **Framtíðarmót**

Fjörður mun halda Íslandsmótið í íþróttum fatlaðra helgina 25.-27. mars árið 2011. Verður þá keppt í öllum greinum sundi, boccia, frjálsum, lyftingum og bogfimi.

Er þetta langstærsta verkefni sem Fjörður hefur tekið að sér og má reikna með 400 keppendum. Mótið hefur áður verið í Laugardal.

Ekki er víst hversu margir koma utan að landi en töluverður fjöldi er þar á ferð.

Ýmis mannvirki Hafnarfjarðar fara undir þetta mót, Ásvallaralaug og Ásvellir og jafnvel önnur.

Fjörður myndi klárlega þiggja aðstoð við að skipuleggja umgjörð í kringum mótið og væri kostur ef fengist hjálp við að redda gistingu, mat, akstri og afþreyingu.

Í framhaldi af þessu móti er stefnt að því að stækka Fjarðarmótið í sundi og fá þannig fólk utan að landi til að taka þátt.

## **Badminton**

### **Fyrri mót**

BH hélt Radison bikarinn árið 2008/2009 en þá var um deildarkeppni að ræða. Leikið var heima og að heiman og tóku fjögur lið þátt sem öll voru af höfuðborgarsvæðinu. Mótið hófst í október og var leikið fram í mars.

Afmælistmót BH fór fram árið 2009 í tilefni af 50 ára afmæli klúbbsins. Þá var keppt í fullorðinsflokkum og tóku tæplega 50 keppendur þátt. Fjórum erlendum leikmönnum var boðið á mótið og gistu þeir í Hótel Sögu í Reykjavík. Forsvarsmenn BH sáu um að keyra þá á mótstað. Afmælishóf var haldið á laugardagskvöldið þar sem verðlaunaafhending fór fram og var boðið upp á mat.

Árið 2009 hélt BH einnig Íslandsmótið í Badminton þar sem yfir 100 manns tóku þátt. Þar var keppt í fullorðinsflokkum og komu einhverjir utan að landi. BH sá ekki sérstaklega um að útvega þeim gistingu, akstur eða mat.

### **Núverandi mót**

Meistaramótið er haldið árlega og sér BH alfarið um það. Í kringum 70 manns tóku þátt á mótinu árið 2009 en keppt er í fullorðinsflokkum. Einhverjir eru utan að landi en ekki er sérstaklega hugsað um gistingu, akstur eða mat fyrir þá né aðra þátttakendur.

Unglingamót er líkt og meistaramótið haldið árlega alfarið á vegum BH. Keppt er í barna og unglingaflokkum og tóku í kringum 200 krakkar þátt árið 2009. Mótið er haldið í nóvember. Um helmingur þátttakenda kemur utan að landi og gista þeir í húsnæði vinnuskólans (áður voru þau í kaplasal í Kaplakrika). Ekki er séð um akstur eða mat. Áður var haldin kvöldvaka á laugardeginum en það er ekki lengur.

## Siglingar

### Fyrrum mót

Í um fjögur ár var vinasamband milli siglingasambanda Íslands og Frakklands þar sem þau sendu siglingarfólk í æfingabúðir á milli. Þetta hætti fyrir um fimm árum. Þetta var ein áhöfn í kjölbátum sem eru um það bil fimm manns og 10-20 krakkar í kænum. Gist var á mismunandi stöðum eftir árum en til að mynda var allavega einu sinni gist á Viking hóteli og að minnsta kosti einu sinni á hóteli á vegum UMFÍ í Kópavogi sem fékkst mjög ódýrt.

### Núverandi mót

Siglingasamband Íslands dreifir mótum á stærstu félögin og er Þytur eitt af þeim. Félagið sér þá alfarið um mótið þar með talið ákveður mótsgjald og sér um keppendur. Um er að ræða tvær deildir kjölbátadeild sem er fyrir fullorðna og kænudeild sem er aðallega fyrir 17 ára og yngri. Fjögur stærri mót eru í kjölbátunum þar sem Íslandsmótið er stærst en það heldur Þytur árið 2011. Jafnan eru á milli sjö og fjórtán bátar að keppa en í áhöfn eru þrír til sjö keppendur.

Íslandsmótið er einnig stærsta mótið í kænuflokknum en það var haldið í Hafnarfirði árið 2009 og mættu 44 þátttakendur. 18 manns komu utan að landi og gistu þeir margir hverjir í félagsaðstöðu Þyts. Aðrir hafa gist hjá ættingjum eða hótelum en Þytur skipti sér ekki beint að gistingu gesta. Þegar Ýmir hefur haldið mót í Kópavogi hafa krakkarnir gist í skóla.

Grillað er fyrir þátttakendur og boðið upp á kaffi og veitingar en það er stundum innifalið í keppnisgjöldunum.

Þegar Þytur hefur haldið mót í kænuflokki hafa þeir tekið krakkana í keilu en keppendur hafa séð um kostnaðinn af því sjálfir.

Keppnisaðstaðan er mjög góð og getur verið auðvelt fyrir áhorfendur að fylgjast með ef keppt er í höfninni.

Auk þessara stærri móta heldur félagið fjöldann allan af opnum innanfélagsmótum.

### Framtíðarmót

Stefnt er að því að halda kjölbátamót í Hafnarfirði einu sinni í viku, unnið er að því að stækka bryggjuna sem þýðir að meira pláss verður fyrir kjölbátana í Hafnarfjarðarhöfn á næstu árum. Það þýðir að auðveldara verður að fá menn til að keppa hér í stað þess að keppa reglulega í Reykjavík.

Opið afmælistmót verður í sumar í tilefni af 35 ára afmæli klúbbsins. Keppt verður þá bæði á kjölbátum og kænum.

Á bæði þessi mót eins og önnur minni mót er erfitt að fá fólk utan að landi þar sem erfitt og kostnaðarsamt er að flytja bátana á milli.

Það hafa verið haldnar æfingabúðir síðustu tvö ár hjá félögum á Íslandi og er markmiðið að halda því áfram og skipta því á milli. Nú er þetta haldið í Kópavogi og eru 45 manns í fjögura daga námskeiðum og æfingum. Þytur mun því væntanlega halda það einhver næstu ár.

### **Hugsanleg mót**

Verið er að smíða tvo þriggja manna laser báta og er hugmynd um að hafa keppni í þeim í höfninni í Hafnarfirði. Umræða er um að koma upp mótorbátadeild innan klúbbsins en eins og staðan er í dag er ekki pláss fyrir bátana. Það getur hins vegar orðið breyting á með nýrri bryggju. Þá myndi klárlega fylgja mótahald í mótorbátum.

Þytursmenn eru mjög áhugasamir um Hafnarfjarðarleika og er ekkert mál að setja upp mót í höfninni. Þá er ágætismöguleiki, ef gert er með góðum fyrirvara, að halda eitt af stærstu mótum sem úthlutað eru af siglingarsambandinu á þessum tíma í Hafnarfirði.

## **Dansíþróttir**

### **Núverandi mót**

Lottó open er alþjóðlegt mót sem haldið er fyrsta laugardag nóvembermánaðar ár hvert en það hefur verið haldið síðustu 19 ár. Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar hefur haldið mótið síðan árið 2000 og hefur það farið fram í Strandgötunni.

Á síðasta ári voru þátttakendur 300 og var mest um börn og unglinga en einnig nokkuð um fullorðna keppendur. Að jafnaði koma á bilinu 1-10 pör frá útlöndum en enginn kemur utan að landi. Ungir erlendir gestir hafa jafnan gist hjá íslenskum pörum en fullorðna fólkið hefur gist á Viking hótél. Ef erlendir dómara hafa komið hafa þeir einnig gist þar.

Félagar í DÍH hafa verið með sjoppu á mótsstað þar sem seldar eru pizzur, samlokur og ávextir sem og annað slíkt. Veitingasalan er fjáröflun til paranna sem ferðast mikið erlendis og sinna þau mikið af vinnunni.

Einu sinni var mikið um erlenda gesti og þá splæsti DÍH á rútu í Bláa lónið. Annars hafa gestirnir verið sjálfala.

### **Framtíðarmót**

DÍH hefur verið úthlutað dansmóti í gömlu dönsunum og er stefnt að halda mótið í beinu framhaldi af Lottómótinu.

### **Hugsanleg mót**

Forráðamenn DÍH hafa mikinn hug á að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum og væri einkar hentugt fyrir þá að hafa leikana á sama tíma og lottómótið. Annars er hægt að hafa mótið á öðrum tímum en huga þarf

að því að Íslandsmótaröðin hefur þrjú mót; það fyrsta í febrúar, annað í mars og það síðasta í apríl eða maí. Auk þess er stórt alþjóðlegt dansmót í Englandi í byrjun maí. Páskarnir væru alveg ómögulegir því þá er stórt mót fyrir krakka erlendis og senda íslensku liðin fjöldann allan af keppendum þangað.

## Karate

### Núverandi mót

Karatedeild Hauka heldur mót sem Karatesamband Íslands setur á það og koma þar til greina margir flokkar. Keppt er þá á Ásvöllum, Strandgötu eða Víðistaðaskóla; allt eftir stærð mótsins. Þátttakendur í fullorðinsflokkum geta verið á bilinu 30-50 manns en um 100-200 í barna og unglingaflokkum.

Innanfélagsmót eru haldin óreglulega og eru ekki í sömu stærðargráðu og mót á vegum Karatesambandsins. Þau eru þá haldin í veislusalnum á Ásvöllum.

Erlendur karateþjálfari hefur komið til félagsins oft síðan hann kom fyrst árið 1994 og heldur hann æfingabúðir þar sem meðlimir frá öðrum félögum eru velkomnir. Ekki hafa þátttakendur komið utan að landi.

### Hugsanleg mót

Hugur er í mönnum í Karatedeild Hauka að halda mót í tengslum við Hafnarfjarðarleika. Það gæti verið barnamót annan daginn þar sem möguleiki er að fá erlend félög til að senda keppendur á mótið. Hinn daginn gæti svo verið fullorðinsmót. Þá væri um að ræða svokallað „all style“ mót.

Tímabilið í karate er um veturinn og eftir að beltaprófum er lokið um miðjan apríl eða byrjun maí fer þátttakendum fækkandi. Það er því í seinna lagið að hafa mótið í lok maí eða byrjun júní en það ætti að sleppa.

Mótið tæki tvo daga og þyrftu Ásvellir að vera undirlagðir fyrir það.

## Hnefaleikar

### Fyrri mót

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar hefur haldið nokkrar alþjóðlegar keppnir síðustu árin. Þar sem í kringum fimmtán manns koma. Hafa þeir gist annað hvort á Hótel Hafnarfirði eða í gístaðstöðu sem Hnefaleikafélagið hefur aðgang að í Reykjavík. HFH sér um aksturinn á keppendum með einkabílum. Boðið er upp á hlaðborð sem aðilar HFH sjá sjálfir um að gera eftir keppni. Farið er með erlendu keppendurnar í Bláa Lónið. Keppnisaðstaðan er ekki góð en boxhringur er í æfingaaðstöðunni á Dalshrauni. Ekki er hægt að færa hann og það tekur tíu manns sjö tíma að setja einn boxhring upp.

### **Núverandi mót**

Nú eru haldin mót þriðju eða fjórðu hverja helgi þar sem um er að ræða 8-14 bardaga milli keppenda frá Reykjavíkursvæðinu.

### **Framtíðarmót**

Meistarakeppni verður haldin gegn Danmörku í ágúst þar sem tólf þátttakendur auk fylgdarliðs mæta til landsins. Stefnt er að því að halda slíkar keppnir við erlend lið á tveggja mánaða fresti. Tengslanetið er sterkt og mikill vilji erlendra liða að koma og keppa. Gisting, matur og afþreying væri þá líkt og í fyrri keppnum. Keppnisaðstaðan mun þó væntanlega batna á næstu árum þar sem félagið mun flytja í nýtt húsnæði en óvíst er hvenær að því verður.

Alþjóðleg hnefaleikakeppni myndi henta mjög vel í tengslum við Hafnarfjarðarleika og með nægum fyrirvara væri ekkert mál að koma á slíkri keppni.

## **Skylmingar**

### **Núverandi mót**

Barnamót var haldið árið 2009 í Kaplakrika, það var ekki haldið 2010 en verður haldið aftur 2011. Mótið fer fram í maí og er eru þátttakendur á aldrinum 7-12 ára. Um það bil 60 krakkar taka þátt.

Viking cup hefur verið haldið í Strandgötu eða Kaplakrika aðra helgina í júní síðan 1996. Um alþjóðlegt mót er að ræða en ekki var keppt árið 2010 vegna eldgossins. Fjöldi erlendra keppenda á mótinu hefur verið breytilegur á bilinu þrjú til 20. Síðast voru æfingabúðir haldnar í Reykjavík samhliða mótinu. Þær eru þá í viku eða tíu daga. Stefnt er að því að halda því formi áfram. Þá er gíst í Hafnarfirði en síðast gistu útlendingarnir í Hótel Hafnarfirði. Borðað var í Reykjavík. Farið hefur verið með útlendingana í Bláa lónið og Gullfoss og Geysi.

Aðstaðan er ekki eins góð í Hafnarfirði og hún er á Baldurshaga í Reykjavík. Þannig er betra að hafa æfingabúðirnar þar. Þar fer einnig fram Evrópumót 17 ára og yngri en mikið samstarf er milli félaganna FH og Skylmingafélag Reykjavíkur.

Innanfélagsmót hafa verið haldin í Víðistaðaskóla en hæpið er að hafa stærri mót þar.

### **Hugsanleg mót**

Tímabilið í skylmingunum er mismunandi eftir aldri. Fullorðinsflokkurinn keppir frá janúar fram í júní og svo er heimsmeistaramótið í október. Unglingaflokkur keppir frá september fram í mars, apríl og tímabil yngstu krakkanna er þegar skólinn er.

Skylmingardeild FH hefur áhuga á því að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum en ekki er rúm fyrir fleiri alþjóðleg mót á Íslandi en eru fyrir. Hins vegar er möguleiki á að tengja núverandi mót við Hafnarfjarðarleika.

Íslandsmót barna hefur verið haldið í Reykjavík í nóvember en FH hefur rétt á því að halda það annað hvert ár, og er stefnt að því að gera það .

## Taekwondo

### Núverandi mót

Björk heldur eitt opið innanfélagsmót í Taekwondo á ári en þá er keppt á öllum aldri í bæði kvenna og karla flokki. 30-70 keppendur taka þátt og eru flestir yngri en tólf ára. Einhverjir koma utan að landi og hefur félagið reddað gistingu; í heimahúsum ef fáir mæta en í einhverjum sal ef fleiri koma. Mótið fer fram í Íþróttasalnum í Bjarkarhúsinu.

Æfingabúðir voru haldnar um vorið 2010 og mættu á bilinu 30-40 krakkar. Þar skipt var í þrjá hópa; 6-9 ára, 10-13 ára og 14 ára og eldri. Mest voru þetta Hafnfirðingar en einnig komu krakkar frá Reykjavík. Æfingabúðirnar tóku eina helgi.

### Hugsanleg mót

Forráðamenn Taekwondodeildar Bjarkar eru mjög spenntir fyrir því að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum. Tímabilið er um veturinn en tíminn er ekkert vesen. Það væri einnig hægt að hafa mót um sumarið. Komu þeir með hugmynd um að hafa mót á sterkum kaliber í fullorðinsflokki þar sem keppt væri í tveimur þyngdarflokkum bæði karla og kvenna. Það væru þá aðeins þeir bestu á Íslandi ásamt erlendum þátttakendum. Til dæmis einn erlendur í hverjum flokki auk 5-7 Íslendinga. Mótið færi þá fram í Bjarkarsalnum og tæki einn dag. Ef barnamót færi fram á sama tíma tæki það líka einn dag og myndi þá fara fram á deginum á undan eða eftir.

## Hestaíþróttir

### Núverandi mót

Sörli heldur fjöldann allan af opnum mótum þar sem bæði félagsmenn og nærsveitarmenn mætast. Helsta mótið er Íþrótt og gæðingamót þar sem eru um það bil 150 þátttakendur auk áhorfenda. Ekki koma margir utan að landi en fjöldi kemur vegna Íslandsmótsins sem Sörli heldur á vegum Landsambands hestamanna haustið 2010. 300 manns eru skráðir en Sörli sér ekki um að skaffa gistingu fyrir gesti. Veitingar eru seldar á mótsstað.

### **Hugsanleg mót**

Það eru alltaf að bætast við ný mót á hverju ári og er hugmynd um að hafa stórt opið sumarmót. Ekki hefur verið hugsað um gistingu eða afþreyingu en þórrinn af þátttakendum verður líklega frá höfuðborgarsvæðinu. Hvorki er vit í því að fá erlenda þátttakendur né gesti á þessi mót og er Landsmót hestamanna eini vettvangur erlendra gesta.

## **Skotíþróttir**

### **Fyrri mót**

Afmælistmót SÍH var haldið 2005 á 40 ára afmæli félagsins þar sem erlendir gestir komu og fengu að gista í heimahúsum félagsmanna.

### **Núverandi mót**

SÍH heldur jafnan nokkur innanfélagsmót yfir keppnistímabilið sem er frá byrjun apríl fram í lok september. Fjöldi keppenda er á bilinu 10-14 og er öllum frjálst að mæta.

Stærsta mótið er svokallað SÍH open þar sem hver sem er getur komið á og tekið þátt en það hefur verið haldið síðan árið 2005. Mótið er haldið fyrstu helgina í júlí og tóku sextán keppendur þátt árið 2009. Þar af var einn útlendingur. Mest hafa verið sex útlendingar en farið hefur verið með útlendinga sem taka þátt í mótinu í skoðunarferðir. Misjafnt er hvert hefur verið farið en það helsta er Gufuvirkjun, Krýsuvík og Gullfoss og Geysi. Útlendingarnir hafa jafnan gist á Hótel Hafnarfirði.

Allar keppnir á vegum SÍH fara fram á Iðavöllum.

SÍH heldur landsmót skotíþróttafélaga þar sem mæta líklega á bilinu 16-30 manns. Þátttakendur í skotíþróttum eru frá fimmtán ára og upp úr. SÍH mun einungis sjá um framkvæmd mótsins en ekki hugsa um keppendur utan þess.

### **Hugsanleg mót**

SÍH hefur mikinn hug á því að taka þátt í Hafnarfjarðaleikum og með góðum fyrirvara er hægt að fá erlenda keppendur. Það myndi henta best að hafa það á keppnistímabilinu um vorið, sumarið eða haustið. Sex manns geta verið á svæðinu í einu og eru 30 keppendur hámark á mótum.



## **Klifur**

### **Núverandi mót**

Klifurdeild Bjarkar heldur árlega tvö mót á ári. Annars vegar er innanfélagsmót og hins vegar er aðventumót í desember sem er opið mót. Þátttakendur eru jafnan á bilinu 70-80 manns og eru þeir aðallega meðlimir klifurdeildar Bjarkar.

### **Hugsanleg mót**

Draumurinn er að halda fleiri tegundir af mótum svo sem í leiðsluklifri og hraðaklifri. Nýr klifurveggur sem er í smíðum eykur möguleikana í þeim efnum.

Klifurdeild Bjarkar hefur mikinn hug á því að taka þátt í Hafnarfjarðarleikum. Þá getur verið sniðugt að halda mót og leyfa þeim sem vilja að prófa klifurvegginn.

Aðstaðan til klifurs er ekki nógu góð til að hafa alþjóðlega keppni eða æfingabúðir.

## **Borðtennis**

### **Núverandi mót**

Þar sem borðtennisdeild BH er á sínu fyrsta ári hafa ekki verið nein mót haldin af deildinni. Mikill áhugi er hjá krökkunum að æfa borðtennis og eru nú fjögur borðtennisborð.

### **Hugsanleg mót**

Þar sem stefnt er að því að starfsemin muni stækka umtalsvert má alveg reikna með því að félagið verði tilbúið að taka að sér hluta af Hafnarfjarðarleikum eftir 5-10 ár. Til þess að starfsemin nái að stækka þarf fleiri borð en fjórtán borð þarf til að halda skikkanlegt mót.

Ekkert mál væri að halda mót í strandgötunni á sama tíma og badmintonmót færi þar fram. Gæti það orðið mjög áhugavert.

## **Tennis**

### **Núverandi mót**

Varðandi mótahald, þá hefur það verið erfitt að skipuleggja mót hjá félaginu þar sem það er með einn malbikaðan völl og annan búinn til úr einhverju plasti, sem eru báðir að mati forráðamanna tennisdeildar BH frekar hættulegir og lélegir vellir.

## Hugsanleg mót

Samkvæmt forráðamönnum Tennisdeildar BH væri það alveg frábært að reyna bæta úr völlum á Víðistaðatúni og reyna með mestu megni að koma upp mjög góðri vallaraðstöðu í Hafnarfirði á næstu árum. Þannig gæti félagið haldið góð námskeið á sumrin, fólk gæti spilað tennis hvenær sem er í Hafnarfirði við góðar aðstæður, og BH haldið 1-3 mót á ári, þar á meðal Evrópumót 14 eða 16 ára og yngri og svo framvegis. En auðvitað yrði að koma upp almennilegri aðstöðu fyrst.

## Almenningsíþróttir

Tvö íþróttafélög hafa almenningsíþróttadeildir; Haukar og Björk.

### Haukar

#### Núverandi mót

Gamlárshlaup var haldið 2009 í fyrsta skipti og er stefnan að halda það árlega. Þar er hlaupið 10km og tóku um 40 manns þátt í því. Allir þátttakendur eru Hafnfirðingar og stefnan að fá hafnfirska hlaupara frekar til að hlaupa í þessu hlaupi en að hlaupa Gamlárshlaup ÍR.

Afmælishlaup Hauka hefur verið haldið árlega í þrjú ár og er hlaupið 100metra fyrir hvert ár sem félagið hefur verið til. Árið 2011 verður 80 ára afmæli félagsins og þá verður hlaupið 8km. Stefnt er að hafa það veglegt.

#### Hugsanleg mót

Almenningsdeild Hauka hefur mikinn hug á því að taka þátt í því að skipuleggja hlaup í kringum bjarta daga eða hlaup tengt Hafnarfjarðarleikum.

Hugsanlegt er að halda eldri borgara íþróttasamkomu þar sem 70 ára og eldri koma saman og taka þátt í íþróttastarfsemi. Þetta gæti verið árlegur viðburður þar sem fólki úr öðrum félögum þar sem eldri borgara íþróttastarf er stundað er boðið líka.

### Björk

Undir almenningsdeildinni eru þær greinar sem ekki er keppt í. Þannig að ekki eru fyrirhuguð nein mót á vegum deildarinnar, né heldur æfingabúðir eða annað slíkt.

## Lyftingar

Lyftingadeild FH hefur legið niðri í allnokkur ár. Fyrrum formaður deildarinnar gerir sér vonir um að hún komi upp aftur og er að reyna að fá nýja menn til að taka við keflinu. Hann er samt sem áður ekkert alltof bjartsýnn að það gerist eitthvað á næstunni.

## Skíði

Skíðadeild Hauka liggur niðri vegna veðursfarslegra ástæðna auk aðstöðuleysis. Félagið hafði aðstöðu í gömlum skála í Bláfjöllum en var gert að færa hann. Nú hefur það enga aðstöðu og ekki er útlit fyrir að nein breyting verði á því í framtíðinni.

### 2.3 Tímabil íþróttagreina sem stundaðar eru í Hafnarfirði

Hér má sjá á myndrænan hátt á hvaða tímabili mögulegt er að halda íþróttaviðburði í hverri íþróttagrein. Á öðrum ásnum má sjá íþróttir sem stundaðar eru í Hafnarfirði og á hinum eru mánuðir ársins. Mánuðir merktir með grænu eru aðaltímabil íþróttar en þeir sem merktir eru með gulu eru mögulegir til mótahalds utan aðaltímabils. Fyrir neðan myndina má sjá athugasemdir sem tengjast vissum íþróttagreinum.

	jan.	feb.	mar.	apr.	maí	jún.	júl.	ágú.	sep.	okt.	nóv.	des.
Knattspyrna a)												
Handknattleikur												
Körfuknattleikur												
Golf												
Frjálsar Íþróttir												
Sund												
Fimleikar												
Akstursíþróttir b)												
Hestaíþróttir												
Siglingar c)												
Dansíþróttir												
Skylmingar d)												
Taekwondo												
Karate												
Hnefaleikar												
Skotíþróttir												
Badminton												
Borðtennis												
Klifur e)												
Hlaup												
Tennis												
Boccia												

- a) Innanhús eða á gervigrasi á veturna.
- b) Drift og Rallycross er allt árið.
- c) Kjölbátarnir geta siglt meðan veður leyfir en kænurnar aðeins til 15. október.
- d) Mismunandi eftir aldri.
- e) Krakkarnir æfa aðeins á veturna.

### 3.1 Helstu verkefni og næstu skref

Í þessum kafla er tekin úttekt á helstu verkefnum sem íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir og geta orðið að veruleika með hjálp frá bænum. Þetta eru alls konar hugmyndir sem komið hafa frá íþróttahreyfingunni og eru að mati skýrsluhöfundar hagkvæm fyrir bæinn. Af þeim verkefnum sem undirbúningur er ekki þegar hafinn er brýnt að hefja hann sem fyrst.

#### Handbolti

Það þarf engum blöðum um það að fletta hversu mikil handboltahefð ríkir í Hafnarfjarðarbæ. Tvö af stærstu handboltaliðum landsins; FH og Haukar hafa unnið fjöldann allan af Íslandsmeistaratitlum, í bæði karla og kvennaflokki, í öllum aldurshópum. Bæði þessi lið senda lið erlendis til keppni í yngri flokkum og meistaraflokki en ekki eru haldin nein stór mót hérlendis í íþróttinni.

#### Ice Cup

Vissulega hafa FH og Haukar umsjón yfir mörgum mótum í yngri flokkum í bæði karla og kvennaflokki en það hefur svo sannarlega vantað stórt handboltamót í bæinn síðan Ice cup hætti. Þar sem tengslanet félaganna er mikið og stórt og bærinn mikill handboltabær er tilvalið að koma því aftur á.

Eina spurningin er hvort að Haukar muni koma að því með FH en áhugi er fyrir hendi að hálfu þeirra. Þó svo að FH geti vel haldið mótið þá er það eindregið álit skýrsluhöfundar að besti kosturinn sé að félögin vinni saman að mótinu. Það sem stendur hins vegar í vegi fyrir því er að forráðamenn FH hafa unnið að þessari hugmynd í lengri tíma og telja sig geta unnið þetta verkefni án samstarfs við Hauka.

Framkvæmdarstjóri handknattleiksdeildar FH hefur hins vegar lofað því að taka beiðni skýrsluhöfundar, um samstarf við Hauka, upp á næsta stjórnarfund.

Það sem þetta mót er þegar komið í ferli er hentugast að fá bæinn með í það verkefni til dæmis í sambandi við gistingu, mat og afþreyingu. Forráðamenn FH taka vel í að skýrsluhöfundur taki þátt í því með sjónarmið bæjarins að leiðarljósi. Mikilvægt er að mótið gangi vel í fyrsta skipti til þess að erlendu liðin hafi áhuga á að koma aftur. Til þess þarf öll umgjörð að vera til fyrirmyndar.

#### Hafnarfjarðarmótið

FH og Haukar hafa unnið saman að þessu móti sem haldið verður á undirbúningstímabilinu fyrir leiktímabilið 2010/2011. Þarna hafa félögin sýnt að rígurinn á heima inni á vellinum en ekki utan hans.

Fjöldi erlendra félaga hefur sýnt áhuga á því að koma. Ef vel heppnast getur mótið orðið árlegur viðburður í Hafnarfjarðarbæ og stór lið gætu komið til landsins. Það þarf því eins og með önnur mót öll umgjörð fyrir gesti að vera til fyrirmyndar.

### **Old boys/girls mót**

Hugmyndin um handboltamót fyrir 30 ára og eldri hefur lengi blundað í mönnum. Bæði forráðamenn Hauka og FH eru sammála um að það þurfi einfaldlega að framkvæma þetta. Það er ekkert því til fyrirstöðu að undirbúningur fyrir þetta mót fari af stað sem fyrst. Hentugast er að einn eða tveir aðilar frá hvoru félagi; FH og Haukum ásamt skýrsluhöfundi og aðila frá ferðaskrifstofu setjist niður saman. Á þeim fundi yrði svo farið yfir hvenær mótið yrði haldið og hvernig staðið yrði að því.

### **Frjálsar íþróttir**

Samkvæmt forráðamönnum Frjálsíþróttadeildar FH mun mótum fjölga mikið þegar frjálsíþróttahöllin verður tilbúin. FH er farsælasta frjálsíþróttafélag síðari ára á Íslandi og með nýrri höll verður aðstaðan með því besta sem gerist á Norðurlöndum. Mikið er af góðum hugmyndum um mótahald og hentugt er að setjast niður með aðilum frá deildinni og hefja undirbúning á stærri verkefnum.

### **Gaflarinn**

Gaflarinn er verkefni sem farið er af stað en um er að ræða barna og unglíngamót. Stefnan er að gera umgjörðina í kringum þetta mót glæsilega og festa það í sessi sem stærsta barna og unglíngamót landsins. Goggi Galvaski sem haldið hefur verið í Mosfellsbæ hefur haldið þeim titli en að sögn hefur umgjörðin versnað síðustu ár og því má sjá leik á borði og koma Gaflaranum að. Til þess að það gerist er mjög mikilvægt að allt utan um hald mótsins verði til fyrirmyndar.

### **Alþjóðleg mót**

Fjöldi góðra hugmynda eru komin frá frjálsíþróttadeildinni sem varðar alþjóðleg mót. Næstu skref í þeim efnum er að setjast niður um leið og ljóst er hvenær frjálsíþróttahöllin verður tilbúin og ákveða hvaða verkefni skal unnið úr. Því næst er hentugt að einn til tveir aðilar á vegum deildarinnar ásamt skýrsluhöfundi og aðila frá ferðaskrifstofu hittist á fundi og ákveði tímasetningu og hefji undirbúning móts.

### **Sund**

Nú er Sundfélag Hafnarfjarðar með frábæra aðstöðu í Ásvallalaug og má nýta það til ýmissa atriða sem geta orðið ferðabjónustunni í Hafnarfirði til góðs. SH hefur einnig mikil og góð tengsl við erlenda keppendur.

### **Æfingabúðir**

Það er kjörið að fylgja eftir því sem hafið er og bjóða fleiri sundhópum að æfa í Ásvallalaug. Það er lykilatriði að bjóða upp á pakka fyrir hópana, bæði til þess að auka ánægju þeirra sem koma og þar með auka líkurnar á því að þeir komi aftur og til þess að bærinn njóti sem mest góðs af komu þeirra. Næstu skref í þeim efnum eru að skýrsluhöfundur setjist niður ásamt aðila á vegum SH og ferðaskrifstofu og setji saman einhvern pakka. Vitað er að áhuga Hótel Hafnarfjarðar á að vinna að þessu verkefni.

## Fótbolti

### Old boys mót

Hugmynd forráðamanna FH um að halda old boys mót í fótbolta í risanum er tiltölulega einföld en getur verið mjög hagkvæm bæði fyrir félagið og bæinn. Með því að leika fimm gegn fimm er hægt að leika á tveimur völlum og því geta 32 lið tekið þátt í mótinu sem færi fram yfir eina helgi. Það þarf í raun ekkert annað en að hringja þessari hugmynd í framkvæmd en fyrsti þátturinn í því er að setjast niður með aðilum frá FH og ferðaskrifstofu.

### Æfingabúðir

Á sama tíma má skoða möguleikann á því að fá amerísk lið í æfingabúðir fyrir Gothia cup og skipuleggja hvernig staðið yrði að því.

### Barnamót

Það er ríkur vilji á meðal knattspyrnudeildar Hauka að halda stórt fótboltamót. Þetta er þó erfiður markaður og ekki getur reynst skynsamlegt að stökkva í djúpu laugina. Lítið mót er nú haldið í 7. flokki og ef svo fer að mótið verði stækkað eða önnur mót sett á er skýrsluhöfundur félaginu ávallt innan handar.

## Körfubolti

### Alþjóðlegt stúlknamót

Körfuknattleiksdeild er að vinna að alþjóðlegu móti í kvennaflokki á aldrinum 16-18 ára. Er þetta mót í samræmi við frábæran árangur kvennakörfunnar hjá Haukum. Slíkt mót myndi því styrkja ímynd deildarinnar á heimsvísu ef vel gengi. Nú er einmitt að fara fram vinna tengd umgjörð mótsins. Skýrsluhöfundur gæti tekið þátt í þeirri vinnu og lagt hönd á plóg til að tryggja að mótið yrði hið glæsilegasta og Hafnarfjarðarbæ til sóma.

## Golf

### Ferðamannapakki

Golfklúbburinn Keilir hefur komið með mjög góða hugmynd sem yrði mjög hagkvæm fyrir Hafnarfjarðarbæ. Það er að setja saman ferðamannapakka fyrir útlendinga sem koma hingað til að spila golf. Þeir geta þá komið hingað í fjögurra til fimm daga ferðir og spilað golf á morgnanna og nýtt það sem Hafnarfjörður hefur að bjóða á daginn. Yrði þá gisting, akstur, matur og afþreying í höndum hafnfirskra fyrirtækja. Samkvæmt erlendum sérfræðingum sem komu hingað til lands er mikill markaður fyrir einmitt slíkar pakkaferðir. Næsta skref í þeim efnum er að setjast niður ásamt forráðamönnum Keilis og forsvarsmönnum Íshesta sem sýnt hafa verkefninu mikinn áhuga. Á þeim fundi yrði pakki settur saman.

## Akstursíþróttir

### Bíladagar í Hafnarfirði

EKKI eru margir Hafnfirðingar sem gera sér grein fyrir hversu vel Akstursíþróttafélögin í Hafnarfirði standa. Félagin halda öll Íslandsmót í fjölmörgum greinum og fer starfsemin ört vaxandi. Þessi ríka hefð og styrkur félaganna hefur þó ekki skilað bænum tekjum nema í litlu mæli. Þar getur þó auðveldlega

orðið breyting á með því að halda Bíladaga í Hafnarfirði. Slíkir dagar hafa verið haldnir á Akureyri í lok júní frá árinu 1996 og hafa 10-20 þúsund gestir komið í bæinn.

Bíladagar í Hafnarfirði myndu því ekki aðeins virkja bæjarlífið og kynning akstursíþrótta í Hafnarfirði heldur væru einnig rík tekjulind fyrir ferðaþjónustuna og bæinn sjálfan.

Formaður AÍH staðhæfir að allir innan félagsins séu virkilega spenntir fyrir þessu verkefni og sömu sögu segir formaður Kvartmíluklúbbsins. Kostur er að í framhaldi af skýrslunni setjist skýrsluhöfundur niður með aðilum frá félögum og hafa formenn félaganna báðir fallist á það. Yrði þá fyrirkomulagið ákveðið sem og tímasetning.

## **Íþróttir fatlaðra**

### **Íslandsmót fatlaðra 2011**

Eitt af stærstu mótum sem Hafnarfjörður stendur frammi fyrir á komandi árum er Íslandsmótið í íþróttum fatlaðra árið 2011. Þetta er langstærsta mótið sem Fjörður hefur haldið og mikilvægt að vel fari. Má búast við um 400 keppendum auk gesta og því mikilvægt að skipuleggja vel alla umgjörð.

Formaður Fjarðar tekur guðs lífandi feginn við allri hjálp við umgjörðina og vonaðist eftir því að fá að setjast niður með skýrsluhöfundi um haustið og skipuleggja gistingu, akstur, mat og afþreyingu fyrir keppendum og aðra gesti.

Ef vel heppnast er það ekki aðeins rós í hnappagatið hjá Firði heldur einnig bæjarfélaginu sem myndi sýna að það getur vel haldið stórmót í íþróttum fatlaðra. Í framhaldinu er einmitt stefnt að því að hafa árlega Íslandsmótið í sundi fatlaðra í 50 metra laug og yrði það einnig mjög hagkvæmt fyrir Hafnarfjörð.

## Hafnarfjarðarleikar

Tilvalið er að gera mikið úr því ef nokkrar íþróttagreinir geta tekið sig saman og haft mót á sama tíma í Hafnarfirði. Hægt er að markaðssetja það sem Hafnarfjarðarleika og virkja bæinn í kringum þá. Þannig geta slíkir leikar kveikt mikið líf í bænum og verið stór innspýting í bæði ferðaþjónustuna og verslanir í bænum. Þetta tilvalin afþreying fyrir bæjarbúa og fellur vel að stefnu bæjarins í tengslum við hreyfingu og heilbriggt lífverni.

Kostur er að gera þetta að árlegum viðburði í bænum en lykilatíði er að mynda hefð í kringum leikana og gera þá flotta.

Hafnarfjarðarbær hefur þann kost að bera að bæjarbúar eru mjög tengdir við íþróttahreyfinguna. Það er því frekar auðvelt að gera þetta mót stórt og flott með litlum kostnaði. Mikilvægt er þá að koma á veggspjöldum og dreifa í dagskrá í öll hús bæjarins. Það gæti verið í verkahring yngri flokka félaganna að sjá um það og fengju þeir greitt í ferðasjóð. Peningarnir færu því áfram í íþróttahreyfinguna. Það er einnig mikilvægt að koma þessu í fjölmíðla og þurfa þeir sem skipuleggja mótið að tryggja mikla fjölmíðlaumfjöllun.

Hafnarfjörður er fullur af hæfileikaríku íþróttafólki í hinum ýmsu íþróttagreinum sem fer erlendis til keppni. Með því að fá erlenda keppendur hingað til lands og taka þátt í flottu móti er Hafnarfjörður að undirstrika að þetta er mesti íþróttabær í heimi.

Hafnarfjarðarleikar er framtíðarverkefni og er brýnt að skjóta ekki yfir markið í fyrsta skoti. Best er að fáar íþróttir tækju þátt í fyrstu skiptin. Bæði til að öðlast reynslu af slíku mótahaldi og til að sýna að þetta sé hægt.

Mikilvægasta atriðið er að búa til traustan grunn og byggja ofan á það. Þannig gætu Hafnarfjarðarleikarnir orðnir stórmót eftir nokkur ár.

Hentugt er að keppt væri í frjálsum íþróttum og sundi en þegar frjálsíþróttahöllin í Kaplakrika verður tilbúin verður aðstaða til keppni fullkomin í þessum tveimur greinum. Hægt er að hafa þetta þrjár til fjórar greinar fyrsta skiptið.

Næstu skref eru að fá vilyrði frá bænum og setjast niður með aðilum frá Sundfélagi Hafnarfjarðar og Frjálsíþróttadeild FH. Skýrsluhöfundur getur tekið það að sér að vera verkefnastjóri Hafnarfjarðarleika. Þekkir hann vel hug íþróttahreyfingarinnar á slíkum leikum sem og ferðaþjónustunnar. Hann myndi því koma með að borðinu hagsmuni bæjarins, ferðaþjónustunnar og hinna íþróttafélaganna.

Á fundinum yrði tímasetning leikanna ákveðin og út frá því væri skoðað hvaða aðrar íþróttagreinir gætu verið með. Einnig væri ákveðið hvenær fyrstu leikarnir yrðu haldnir og verður þá að taka mið af byggingu frjálsíþróttahallarinnar.



Ef vel gengur fyrsta eða fyrstu skiptin sem mótið er haldið er hægt að bæta við greinum. Nóg er af greinum sem hafa áhuga á að taka þátt í slíku verkefni.

Hentugir tímar miðað við ferðaþjónustuna er um vorið eða haustin eða jafnvel yfir vetrartímann. Þannig gætu páskaferið verið góður tími.

Lykilatriði sem þurfa að vera í lagi eru gisting, akstur, matur, afþreying og nýting aðstöðu.

Hafnarfjarðarleikarnir geta orðið stolt bæjarins eftir einhver ár og er þá nauðsynlegt að nýta það sem bærinn hefur.

Hafnarfjarðarbær hefur aðstöðuna, íþróttahæfðina og drifkraft fólksins til að gera Hafnarfjarðarleikana að veruleika.

## Lokaorð

Í skýrslunni hefur verið farið yfir mikið af hugmyndum frá íþróttahreyfingunni og eru þær komnar mislangt á veg. Komið hafa fram hugmyndir sem skýrsluhöfundur útlistaði eftir viðræður við forráðamenn allra deilda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Í síðasta kaflanum má sjá helstu verkefni sem hægt er að vinna að strax í framhaldi af skýrslunni.

Það er hentugt að bærinn hafi tengilið við félögin til að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd, því eins og svo oft vill verða þá verður ekkert að góðum hugmyndum nema einhver keyri þær áfram.

Forráðamenn íþróttahreyfingarinnar eru alltaf að fá nýjar og góðar hugmyndir en mikilvægt er að þeir viti hvert þeir þurfi að leita til þess að þær verði að veruleika.

Varðandi verkefni sem þegar eru komin í undirbúning getur tengiliður bæjarins komið að því skipulagi og haft sjónarmið Hafnarfjarðarbæjar og ferðaþjónustunnar að leiðarljósi. Tengiliðurinn væri að auki íþróttafélögum innan handar og gæti veitt þeim hjálparhönd þegar þess þarf.

Skýrsluhöfundur er tilvalinn til að taka að sér að vera tengiliður milli bæjarins, ferðaþjónustunnar og íþróttafélaganna í framhaldinu. Hann hefur þegar kynnt sér hug allra aðila með viðræðum við á sjötta tug fólks við gerð skýrslunnar.

**Fólk á vegum íþróttahreyfingarinnar sem rætt var við í sambandi við gerð skýrslunnar:**

Andri Jónsson Tennisdeild BH 866-4578  
Anna Lís Benediktsdóttir Skíðadeild Hauka 690-2077  
Aron Andrew Rúnarsson Driftdeild AÍH 869-6722  
Ágústa Hera Birgisdóttir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar 856-5989  
Bergsteinn Hjörleifsson Golfklúbburinn Keilir 840-3066  
Björgvin Helgi Stefánsson Íþróttafélag Hafnarfjarðar 860-3911  
Björn Bjarnason Hestamannafélagið Sörli 892-3490  
Eggert Bogason Frjálsíþróttadeild FH 822-0098  
Ferdinand Hansen Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar 824-6127  
Gauti Már Guðnason Taekwondodeild Bjarkar 695-3722  
Geir Hallsteinsson Handknattleiksdeild FH 821-4494  
Geir Þórólfsson Lyftingadeild FH 860-5205  
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir Haukar 861-3614  
Guðlaugur Ágústsson Fjörður 820-0507  
Gunnar Bjarnason Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 899-3009  
Gunnar Geir Halldórsson Siglingaklúbburinn Þytur 897-0156  
Gunnlaugur Sigurðsson Karatedeild Hauka 896-7963  
Haukur J. Eiríksson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar 897-0527  
Hilmar Trausti Arnarsson Knattspyrnudeild Hauka 869-0097  
Högni Friðþjófsson Golfklúbburinn Setberg 844-3589  
Hörður Þorsteinsson Badmintonfélag Hafnarfjarðar 896-1227  
Ingvar Kristinsson Fimleikafélagið Björk 895-4410  
Ingólfur Arnarson Kvartmíluklúbburinn 897-0163  
Jón Rúnar Halldórsson Knattspyrnudeild FH 893-3023  
Jón Björn Skúlason Knattspyrnudeild Hauka 863-651  
Kristín Pétursdóttir Sundfélag Hafnarfjarðar 846-6934  
Kristján Geir Matthisen Torfæruhjóladeild AÍH 862-5679  
Lúðvík Arnarson Knattspyrnudeild FH 898-2631  
Magnús Sigurjónsson Hestamannafélagið Sörli  
Óskar Páll Þorgilsson Götuhjóladeild AÍH 664-2431  
Páll Pálsson Rallycrossdeild AÍH 822-0502  
Pétur Vilberg Guðnason Handknattleiksdeild Hauka 861-1601  
Pálmar Sigurðsson Handknattleiksdeild FH 892-0791  
Ragnar Þór Arnljótsson Gokartdeild AÍH 699-1331  
Ragnar Ingi Sigurðsson Skyldingadeild FH 565-3513  
Samúel Guðmundsson Körfuknattleiksdeild Hauka 695-3264

Sigríður Kristjánsdóttir Almenningsíþróttadeild Hauka 897-7451

Sigurður Haraldsson Frjálsíþróttadeild FH 664-5631

Sigurður Örn Þorleifsson Handknattleiksdeild FH 868-1676

Sigursteinn Arndal Handknattleiksdeild FH 697-7008

Sjöfn Jónsdóttir Klifurdeild Bjarkar 867-8906

Steinar Stephensen Borðtennisdeild BH 895-7077

Valdimar Óskarsson Handknattleiksdeild Hauka 840-4021

Þorgeir Arnar Jónsson Handknattleiksdeild FH 777-0090

Þór Ólafsson Fimleikadeild Bjarkar 893-6074